

Nd.

506. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 1938, um iðnaðarnám, og á l. nr. 43 1940, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar og leitað unisagnar Alþýðusambands Íslands, Iðnnemasambands Íslands, Meistarafélags járníðnaðarmanna og iðnfulltrúanna.

Meiri hluti hinna síðast töldu taldi sig samþykkan frv., en minni hlutinn telur eigi rétt að samþykkja það óbreytt, en vill breytingu, er auki vald iðnfulltrúanna, sem þó ekki útiloki þann möguleika, að sveinar og meistarar geti samið um þessi mál. Meistarafélag járníðnaðarmanna mælir með samþykkt frv., en telur það þó ekki nema góða byrjun á lagfæringum á iðnlöggjöfinni. Alþýðusambandið og Samband nemenda mæla hins vegar á móti frv.

Meiri hl. er sannfærður um, að hann berst fyrir réttu máli, þegar hann vill rýmka aðgang ungra manna að iðngreinunum, eins og segir í frv., og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. nóv. 1944.

Jóhann Þ. Jósefsson,
frsm.

Sigurður Þórðarson.

Sigurður E. Hlíðar.